

Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar
í 7. bekk

2019–2020



Skáld keppninnar
Birkir Blær Ingólfsson
og
Jón Jónsson úr Vör

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2020

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2020.

Búningur sögunnar eftir Birki Blæ Ingólfsson er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Efni kversins

Inngangur — leiðbeiningar	4
<i>Um val á lesköflum</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð	6
Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni <i>Stormsker</i> eftir Birki Blæ Ingólfsson	7
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>7</i>
Önnur umferð: Ljóð eftir Jón Jónsson úr <i>Vör</i>.....	26
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>26</i>

Inngangur — leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2020. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Stormsker* eftir Birki Blæ Ingólfsson. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáist í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	11-18
9 lesarar	10-18
10 lesarar	9-18
11 lesarar	8-18
12 lesarar	7-18
13 lesarar	5 og 7-18 eða 6-18
14 lesarar	3, 5 og 7-18 eða 5-18
15 lesarar	1, 3, 5, og 7-18
16 lesarar	1, 3, og 5-18
17 lesarar	1 og 3-18
18 lesarar	1-18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir loka-hátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Jón Jónsson úr Vör. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Birkis Blæs, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Jón úr Vör eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð segir kynnir í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Stormsker* eftir Birki Blæ Ingólfsson

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru þeir Birkir Blær Ingólfsson og Jón Jónsson úr Vör.

Birkir Blær fæddist í Reykjavík árið 1989. Hann gekk í Háteigsskóla og Hlíðaskóla og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð. Hann lauk BA-prófi í lögfræði en sneri sér svo alfarið að saxófónleik því honum þótti vænna um lög smíðuð úr tónlist heldur en lög sem voru smíðuð úr reglum. Hann hefur starfað á Þjóðminjasafninu, kennt á saxófón og unnið á fréttastofu RÚV þar sem hann hélt utan um *Krakkafréttir* um skeið. Nú starfar hann einkum sem rithöfundur og handritshöfundur. Hann hefur meðal annars gefið út ljóðasafnið *Vísur*, smásöguna *El Dorado* og árið 2018 hlaut hann Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir bókina *Stormsker – fólkið sem fangaði vindinn*.

Verðlaunabókin *Stormsker* er spennandi furðusaga sem gerist á lítilli eyju í norðri, í heimi sem er bæði óþægilega kunnuglegur og furðulega framandi. Aðalsöguhetjan er tólf ára drengur sem heitir *Ópus* og býr með móður sinni í lítilli blokkaríbúð uppi í risi. Þau eiga heima í höfuðborg eyjarinnar, sem ekki er stærri en svo að öll börnin í borginni þekkja hrörlega húsið þar sem Súsanna gamla býr.

Kvöld nokkurt, þegar vindurinn ólmast úti, fýkur skrautlegt fiðrildi úr hitabeltinu inn um gluggann á herbergi Ópusar, og skömmu síðar kemur kólíbrífugl og vill fá Ópus með sér út í rokið. Ópus laumast út á eftir honum og brátt er hann lentur í ævintýri þar sem tekist er á um stærstu spurningar nútímans, vinnu og afkomu okkar nánustu, loftslagsmál og framtíð jarðarinnar.

Góða skemmtun!

1. Fiðrildi í vindhviðu og kólibrífugl í könnunarferð

Ópus hafði oft látið sig dreyma um að vera útvalinn – að honum væri ætlað sérstakt hlutverk. Það var samt ekki það sem hann hugsaði um þegar fiðrildið f auk inn um gluggann. Auðvitað ekki. Það var ekki fyrr en löngu seinna sem hann skildi að þetta var merki – eða öllu heldur ákall. Vindurinn var að hrópa til hans.

– MAMMA! æpti drengurinn upp yfir sig. Mamma! Þú verður að koma! Mamma, sjáðu hvað f auk inn um gluggann!

Ópus hafði aldrei séð annað eins fiðrildi. Það var risastórt og marglitað, miklu stærra en fiðrildin sem lifðu á eyjunni hans. Á vængjunum voru tveir ljósir blettir sem minntu á augu svo að fiðrildið líktist andliti þegar það breiddi út vængina. Ópus hafði séð myndir af svona fiðrildum í dýralífsbókum og vissi að þau fundust aðeins í frumskógum í fjarlægum löndum við miðbaug jarðar. En þetta fiðrildi flögraði áttavíllt hér yfir rúminu hans, næstum eins og það hefði rétt í þessu fokið yfir hálfan hnöttinn og beina leið inn um þakgluggann hjá honum.

Ópus trúði ekki sínum eigin augum.

– Mamma! æpti hann.

– Uss, Ópus. Vertu ekki með þessi læti, svaraði móðir hans þreytulega. Hún stóð við útidyrnar, komin í kuldaskóna og var að flýta sér út.

2.

Þau bjuggu í pínulíttilli íbúð í blokk í höfuðborg eyjarinnar. Íbúð er kannski ekki rétta orðið. Þetta var eiginlega eitt herbergi sem mæðginin leigðu á efstu hæð blokkarinnar.

Í einu horninu var rúmið hans Ópusar og þar fyrir ofan var þakglugginn sem fiðrildið hafði villst inn um. Útidyrnar voru hinum megin í rýminu en samt sá móðir Ópusar ekki fiðrildið fyrir fataslánni sem stóð við rúmið og hólfaði herbergið í tvennt. Auk þess var móðir hans á hraðferð og mátti ekkert vera að þessu.

Móðir hans var alltaf tímabundin, enda vann hún tvær vinnur til þess að sjá fyrir þeim. Á virkum dögum vann hún sem saumakona í seglagerðinni niðri við höfn og nú var hún sérstaklega úrvinda því seglagerðin hafði fengið stærstu pöntun í manna minnum svo starfsfólkið kepptist því við að sauma allan liðlangan daginn. Á kvöldin og um helgar skúraði hún skrifstofu- húsnaði í miðborginni til að vinna sér inn ofurlítið hærri laun.

Þetta kvöld hafði hún skotist heim til að elda fyrir Ópus en svo þurfti hún að rjúka af stað aftur og skúra tvær byggingar fyrir háttatíma.

3.

Sumir segja að heimurinn sé fullur af tækifærum og öllum sé frjálst að grípa þau og njóta tilverunnar en einhverra hluta vegna höfðu öll tækifærin fokið fram hjá móður Ópusar. Hennar eina tækifæri var fólgið í því að vinna og vinna og eiga samt varla fyrir leigu á einu risherbergi í blokk í hverjum mánuði. Það verður þreytandi til lengdar. Svo þreytandi að maður hefur enga orku til að dást að stórundarlegum fiðrildum.

Ópus elti mömmu sína fram á stigagang og kallaði á eftir henni:

– En mamma! Þú verður að koma. Ég hef aldrei séð svona stórt fiðrildi.

– Ó, en gaman, svaraði hún annars hugar. Hún var komin hálf leið niður á næstu hæð. Viltu ekki bara sleppa því út svo það komist heim til sín?

– Nei! hljóðaði Ópus.

Skildi hún ekkert? Svona fiðrildi voru ekki til á eyjunni! Það var vetur og fiðrildið myndi pottþétt fjúka út í buskann og krókna í öllum kuldanum.

– Hvað ef það er komið hingað með mikilvæg skilaboð til okkar? spurði drengurinn.

– Hvaða vitleysa, svaraði mamma, leit upp til hans og brosti. Fiðrildið hefur bara fokið hérna inn fyrir tilviljun, bætti hún við. Ég held að þú ættir að sleppa því út aftur.

Svo kvaddi hún og flýtti sér áfram niður stigann.

4.

Drengurinn stóð einn eftir, bæði vonsvikinn og fúll. Stundum skilja mömmur ekki neitt. En til þess að gæta allrar sanngirni verður að nefna að móðir hans var von því að Ópus veðraðist upp í tíma og ótíma til þess að sýna henni eitthvað: stóran snigil eða skringilegan stein eða hægfara járnsmið. Það var svo margt sem Ópusi þótti sérstakt sem henni þótti ekkert merkilegt.

Kannski lognast ímyndunaraflíð út af þegar fólk verður fullorðið. Kannski verður fólk svo upptekið við að borga reikninga og keppa við klukkuna að það hættir smám saman að taka eftir því hvað heimurinn getur verið undraverður.

Ópus fór aftur inn í íbúðina til að skoða fiðrildið betur. Það hlaut að vera komið frá fjarlægum löndum – alla leið yfir höfin. Það hafði tyllt sér á koddann í rúminu með vængina útbreidda svo mynstrið blasti við, skringilegt andlit sem gretti sig framan í Ópus svo að það minnti á óargadýr.

Kannski gæti hann átt það sem gæludýr! Hann gæti smíðað fyrir það lítið fiðrildabúr úr smásprekum og farið með það næsta sumar í göngutúra í agnarlíttilli ól. Hjartað tók kipp af gleði við tilhugsunina. Ópus hafði aldrei átt gæludýr. Hann varð að loka þakglugganum svo að fiðrildið gæti ekki flögrað aftur út í kuldann og horfið.

5.

Þrátt fyrir að lágt væri til lofta og rúmið undir súð náði Ópus samt ekki upp í gluggann. Hann var tólf ára og færi í unglingsáæild næsta haust og enn var hann með þeim minnstu í bekknum. Hann varð því að sækja koll og stilla honum upp í rúmið sitt, príla upp á hann og standa á tám til að ná í gluggann.

Drengurinn fór varlega til að styggja ekki fiðrildið. Hann teygði sig upp í þakgluggann og var nýbúinn að krækja honum föstum þegar honum varð litið út um rúðuna. Þar blasti við honum sjón sem var svo ótrúleg að hann missti jafnvægið og datt aftur fyrir sig í rúmið.

Fiðrildið kastaðist upp í loft og flögraði burt í geðshræringu en Ópus tók ekki einu sinni eftir því. Fyrir utan gluggann sveif nefnilega agnarsmár grænn og rauður kólibrífugl og gægðist inn.

Ópus gapti. Fyrst risafiðrildi og svo þetta. Voru þetta ofsjónir? Hann lokaði augunum og bjóst við því að fuglinn yrði horfinn þegar hann opnaði þau á ný, en viti menn: fuglinn sveif þarna nánast kyrr í loftinu eins og þyrlla, svo lítill að maður hefði getað gleypt hann í einum munnbita.

Hvað var eiginlega að gerast?

6.

Kólibrífluglar lifðu á suðrænum slóðum hinum megin á hnettinum þar sem sólin skein þráðbeint ofan af himninum, innan um framandi blóm og ávexti. Á þessari eyju, í reginhafi norðarlega á jörðinni, voru engir ávextir og bara pínulítill blóm. Hér var hvasst, kalt og dimmt nánast alla daga ársins. Sem sagt: þetta var enginn staður fyrir kólibríflugl og hitabeltisfiðrildi! Samt birtist hvort tveggja allt í einu heima hjá þessum unga dreng.

Kólibrífluglinn skimaði inn um gluggann og sýndi ekki á sér neitt fararsnið. Ópus vissi vel að kólibrífluglar eru undraverur. Þeir geta blakað vængjunum allt upp í 50 sinnum á sekúndu, sem gerir þeim kleift að svífa kyrrir í loftinu og meira að segja fljúga aftur á bak. Og þegar ljósið úr herbergi Ópusar féll á fuglinn, þá glitraði hann líkt og hann væri gerður úr gimsteinum. Drengurinn hafði aldrei séð nokkurt dýr jafnfallegt. Hvað var hann að gera hér?

Allt í einu datt Ópusi í hug að fuglinn væri kannski að leita að fiðrildinu. Hann spratt á fætur og ætlaði að grípa fiðrildið af koddanum en það var flogið burt. Þegar hann kom auga á það aftur hrökk hann í kút, enda sat það hinum megin í íbúðinni og minnti á skuggalegt skrímslaandlit í eldhúskróknum.

7.

– Ertu að leita að þessu fiðrildi? kallaði hann upp í gluggann þótt hann vissi ekki hvort kólibrífuglar skildu mælt mál.

Fuglinn svaraði ekki. Hann sveif bara kyrr fyrir utan og var svo lítill og blakaði vængjunum svo hratt að hann líktist meira hunangsflugu en fugli. Auðvitað svaraði hann ekki, fuglinn sá ekki fiðrildið sem var hinum megin í íbúðinni. Ópus ákvað að sækja það.

– Bíddu! kallaði hann á fuglinn og hljóp inn í eldhúskrók.

Hann valdi stærsta nestisboxið sem til var á heimilinu og stakk til öryggis nokkur göt í lokið með beittum hníf. Það hefði verið ófyrirgefanlegt að kæfa hitabeltisfiðrildi í öllum hamaganginum. Fiðrildið sat kyrrt svo það reyndist auðvelt að stugga því ofan í boxið og loka.

Kólibrífuglinn sveif ennþá fyrir utan þegar Ópus rétti boxið upp að þakglugganum.

– Ertu að leita að þessu? hrópaði Ópus.

Það var greinilegt að fuglinn skildi hann og heyrði þó að glugginn væri lokaður því að hann vaggjaði sér fram og aftur í loftinu eins og til að kinka kolli.

– Viltu að ég sleppi því út um gluggann? hrópaði Ópus.

Aftur kinkaði kólibrífuglinn kolli á sinn sérstæða hátt. Hvílik vonbrigði. Ópus sem hélt að hann hefði loksins eignast gæludýr.

8.

Hann vissi reyndar ekkert hvað fiðrildi borða, en hefði ábyggilega fundið út úr því. Hann hefði gefið því mulið mjólkurkex eða gamla banana eða rjómalögg. En hann þorði ekki að óhlýðnast fuglinum. Hver veit nema hann myndi þá senda eitthvert stærra dýr að sækja fiðrildið? Kannski örn? Jafnvel ljón?

Í þetta sinn setti drengurinn eldhúsborðið ofan á rúmið sitt svo að hann næði almennilega upp í þakgluggann. En um leið og hann opnaði fauk gluggahlerinn úr höndum hans og skall öfugur upp á þakið. Glugginn var galopinn og vindurinn ólmaðist fyrir utan. Ópus hrökk við og þrýsti nestisboxinu að sér til að vernda fiðrildið.

Íbúðin var á fimmtu hæð og það var greinilega hávaðarok úti sem Ópusi fannst virkilega undarlegt, því ef maður horfði á kólibrífuglinn var engu líkara en það væri blankalogn. Fuglinn haggaðist ekki þar sem hann sveif þó að hann væri pínulítill.

Ópus var orðinn dálítið óttasleginn. Hverslags fuglar eru það sem ekki fjúka í roki? Kannski draugafuglar?

– Ég sleppi fiðrildinu ekki út í þennan storm, hrópaði hann út í vindinn. Það fýkur bara út í hafsauga og týnist.

Þá tók fuglinn viðbragð. Hann flaug leifturhratt inn um gluggann, alveg upp að andliti stráksins og sleikti nefbroddinn á honum með lítilli tungu eins og ástríkur hundur.

9.

Þetta gerðist svo hratt að Ópus meðtók varla hvað þetta var sætt, en fuglinn bakkaði löturhægt aftur út og tók sér svífandi stöðu rétt við gluggann eins og hann væri að bíða eftir stráknum.

– Viltu að ég komi með þér? spurði drengurinn og stakk höfðinu varlega út um þakgluggann.

Kólibrífuglinn kinkaði aftur kalli og lagði strax af stað niður af þakinu, svífandi í bakkgír án þess að líta af Ópusi. Vindurinn hamaðist á stráknum, reif í hárið á honum og reyndi að hrinda honum aftur inn um gluggann. En hviðurnar létu kólibrífuglinn alveg í friði. Ópus starði dáleiddur á eftir honum þegar hann sveif á jöfnum hraða niður af þakinu og hvarf á bak við þakskeggið.

Ópus mátti reyndar ekki fara út. Móðir hans var óvenju ströng hvað þetta varðaði. Hún vildi síður að hann væri einhvers staðar að sniglast í reiðileysi fram á kvöld þegar hún var að heiman. Þegar hann vildi fara út á kvöldin varð að hann að biðja sérstaklega um leyfi fyrir fram. Og það hafði hann ekki gert.

En hversu oft fær maður tækifæri til að elta kólibrífugl út í ókunnug ævintýri? Ekki oft. Í mesta lagi einu sinni í lífinu.

10.

Ópus hikaði. Hann þorði varla að slá til. Hvað ef móðir hans trompaðist? Hún hafði ekki mikla þolinmæði þegar það var álag í vinnunni. Og hvað ef fuglinn myndi leiða hann í einhverjar ógöngur? Og hvað ef ...? Hann hefði getað haldið endalaust áfram en að lokum bar forvitnin hann ofurliði.

Hann stökk niður úr rúminu, greip úlpuna sína af snaga og tróð sér í strigaskó því það var mun fljótlegra en að reima á sig kuldaskóna. Svo brunaði hann niður stigana með undrafiðrildið í nestisboxi undir handleggnum. Hann ætlaði að kíkja út örsnöggt og helst ætlaði hann aldrei að segja móður sinni frá því. Vonandi yrði ævintýrið ekki alltof tímafrekt svo Ópus kæmist heim áður en mamma kæmi aftur.

Fyrir utan sveif kólibrífuglinn grafkyrr í loftinu þrátt fyrir allt rokið og beið Ópusar. Um leið og drengurinn kom út úr blokkinni fékk hann vindhviðu í fangið og fauk næstum um koll. En fuglinn var eins og töfravera í auga stormsins og haggast ekki.

– Hvert erum við að fara? kallaði drengurinn.

Í stað þess að svara snerist fuglinn hálfhring í loftinu og sveif af stað út götuna. Ópus elti og þurfti að halla sér fram til að halda jafnvægi. Einhverra hluta vegna stóð vindurinn alltaf í fangið á manni.

11.

Sá sem hefur reynt að elta kólíbrífugl í roki veit að það er enginn hægðarleikur. Þeir eru svo litlir að það er meiriháttar vesen að missa ekki sjónar á þeim.

Ópus sá fljótt að þeir stefndu út úr höfuðborginni. Smám saman urðu húsin minni og dreifðari. Svo var hann allt í einu kominn á malarstíg og nálgast borgarmörkin. Þó þetta væri höfuðborg eyjarinnar var hún ekki stór, enda bjuggu tiltölulega fáir á þessari eyju og borgin minnti frekar á stórt þorp. Miðbærinn var hreinn og nútímalegur en eftir því sem utar dró varð borgin óreiðukenndari og skítugri.

Drengurinn hafði gengið þarna ótal sinnum. Ólíkt flestum á hans aldri var hann ekki skráður í tólmundastarf eftir skóla, því að móðir hans hafði ekki ráð á því. Frekar en að hanga einn heima allan daginn var hann vanur að röltast stefnulaust um borgina og láta sig dreyma. Hann þekkti borgina eins og handarbakið á sér.

Samt rak hann skyndilega augun í fyrirbæri sem hann hafði aldrei tekið eftir fyrr. Rétt við borgarmörkin stóð tröllaukið siglutré. Þetta var eins og siglutrén sem notuð eru á stórum skipum til að festa seglin. En þetta siglutré stóð á þurru landi og hvergi neitt skip sjáanlegt.

12.

Siglutréð var svo stórt að jafnvel þótt maður þírði augun sást varla hversu langt það náði. Sjálfst mastrið var svo svert að það minnti frekar á furðulega klettasúlu en siglingabúnað og var greinilega hannað fyrir gríðarlegt átak. Kaðlarnir sem héngu úr ránni efst á mastrinu voru álíka sverir og lærvöðvi fullorðins manns. Það virtist allt til reiðu nema eitt: það var ekkert segl á því og það var sennilega eins gott. Hver veit nema eyjan í heild sinni myndi sigla af stað eins og hver annar bátur ef einhver drægi upp segl á þetta ferlíki?

Ópusi varð hugsað til móður sinnar. Hafði hún ekki sagt að það væri brjálað að gera í seglagerðinni út af stærstu pöntun fyrr og síðar? Var hún kannski að sauma segl á þetta risastóra siglutré?

Kólibrífuglinn sveif fram hjá siglutrénu og allt í einu fattaði Ópus hvert þeir voru að fara. Hann fraus í sporunum. Allir vissu um litla timburhúsið fyrir utan borgarmörkin – en flestir reyndu líka að forðast það.

Húsið var umkringgt litríkum blómum og hafði eitt sinn verið meðal fallegustu húsa eyjarinnar. Það var apríkósugult á litinn með rauðu þaki. Gluggakarmarnir voru himinbláir og einhver hafði tálgað mynstur í þá og málað mynstrið hvítt.

13.

En nú var húsið í niðurníðslu og hafði verið lengi. Málningin var farin að flagna af og viðurinn hafði linast með tímanum svo að þakið var byrjað að síga eins og það væri gert úr blautu brauði. Auk þess voru rifur í veggjunum svo að vindurinn blés auðveldlega beina leið í gegn.

Þarna bjó Súsanna gamla. Enginn vissi nákvæmlega hve gömul hún var, ef til vill var hún eldri en borgin sjálf. Borgarþúar voru allir jafnhissa á því að hún króknaði ekki úr kulda í þessu hripleka húsi.

Börnin í borginni voru ekki jafnhrædd við neina aðra manneskju, enda sögðu allir að hún væri biluð. Hún hafði til dæmis oft sést ganga um heimilið sitt með öxi á lofti. Skuggamynd hennar bar við rúðurnar og minnti á senu úr hryllingsmynd. Börnin vissu ekkert hvað hún gerði við öxina en það hlaut að vera eitthvað hræðilegt.

Auk þess hvíldu álög á húsinu. Ef einhver fór of nálægt því skall á fárviðri og viðkomandi fauk í burtu. Börnin höfðu stundum reynt að komast að húsinu til að njósna um Súsönnu. Þegar börnin læddust yfir garðinn, bogin í baki og héldu niðri í sér andanum þá gerðist alltaf það sama: á miðri leið hvessti skyndilega í kringum húsið.

14.

Vindurinn reif í þau og feykti alls konar smádrasli í augun á þeim, laufblöðum, smágreinum, sandi, jafnvel steinvölum. Draslið dundi á þeim þar til þau gáfust upp og hlupu æpandi í burtu með augun full af ryki. Þá datt á dúnalogn við húsið. Það var eins og vindurinn stæði vörð um Súsönnu.

Ópus hafði aldrei hætt sér inn fyrir lóðina hennar Súsönnu. Hann lét alltaf eins og það væri mikilvægt að hann stæði vörð meðan hinir krakkarnir reyndu sig en í raun og veru þorði hann ekki að fara of nálægt húsinu. Enginn hafði komist nær en Fífa. Hún var líka hugrökkust af öllum í bekknum og í eitt skiptið beit hún einfaldlega á jaxlinn og gekk áfram nánast lárétt í loftinu. Með hverju skrefi sem hún tók varð vindurinn sterkari, þar til hún þurfti nánast að leggjast alveg á jörðina og mjaka sér áfram. Hún lét ekki vindinn stöðva sig fyrr en hann feykti upp garðstól sem sveif í tígulegum boga og skall á höfðinu á henni svo hún þurfti að fara upp á slysó með skurð á enninu og láta sauma tólf spor. Síðan þá hafði enginn reynt að sjá inn um gluggana á dularfulla húsinu hennar Súsönnu.

Og nú stóð Ópus aleinn andspænis þessu skelfilega húsi og var allt í einu farinn að skjálfa.

15.

– Heyrðu, kallaði hann á eftir kólibrífuglinum. Hvert ertu að fara? Ég ætla ekki þangað!

Kólibrífuglinn var kominn langleiðina að húsinu en sneri við um leið og hann uppgötvaði að Ópus var hættur að fylgja honum. Hann þaut aftur til Ópusar og pikkaði laust í nefbroddinn á honum líkt og hann vildi segja: Engar áhyggjur – komdu bara.

Ópus hristi höfuðið. Hann þorði ekki fyrir sitt litla líf nær húsinu. Og nú rifjaðist það upp sem móðir hans hafði kennt honum: að tala ekki við ókunnuga og alls ekki fylgja þeim í blindni. Það hlaut að eiga við kólibrífugla eins og aðra.

– Nei, takk, sagði hann. Ég þarf að fara.

Ópus snerist á hæli og gekk burt eins hratt og hann gat. Hann var löngu búinn að gleyma því að það var kraftaverk að rekast á kólibrífugl.

En Ópus slapp ekki svona auðveldlega, því fuglinn flaug í veg fyrir hann og tísti reiðilega. Og þegar hann ætlaði að hunsa fuglinn og ganga fram hjá, þá trompaðist hann algerlega og byrjaði að hamast í kringum Ópus eins og ágengur geitungur að hausti.

Smám saman fauk í drenginn.

– Farðu, þarna heimski fugl, hrópaði hann og byrjaði að slá frá sér. Fyrst í stað voru högginn laus því auðvitað vildi hann ekki meiða þetta litla dýr.

16.

En fuglinn vék sér fimlega undan og smám saman urðu högginn fastari.

Það er enginn hægðarleikur að slá kólibríflugl. Þeir fljúga jafnhrott og elding og eru svo viðbragðsfljótir að það er furðu líkast.

Ópus var farinn að slá frá sér eins og vitlaus maður án þess að hitta fuglinn nokkurn tíma. Hann tók ekkert eftir gömlu konunni sem kom labbandi upp slóðann á móti honum.

Súsanna var ákaflega grönn og síður kjóll með rósamynstri flaksaðist um hana í rokinu eins og skikkja. Kjóllinn var greinilega eldgamall því að ermarnar voru farnar að trosna og rósamynstrið hafði upplitast svo að það var næstum horfið. Hár hennar var skjannahvít og stóð í allar áttir í rokinu. Andlitið var alsett hrukkum og húðin skorpín svo Súsanna minnti mest á visna eða þurrkaða rós. En augun voru skýr og björt eins og perlur í þessu gamla andliti. Hún stóð þarna dágóða stund og fylgdist með drengnum reyna ítrekað að slá kólibrífluglinn frá sér.

– Karabía! kallaði hún að lokum og samstundis tók fuglinn viðbragð, þaut eins og eldibrandur burt frá drengnum og settist á öxl konunnar.

Mest langaði Ópus að gufa upp og hverfa. Hann hafði óvart reynt að kýla fuglinn hennar Súsönnu – slíkt gat enginn lifað af!

17.

– Hvað þykist þú vera að gera við fuglinn minn, drengur? spurði Súsanna.

– Ekki neitt.

– Þú varst að reyna að berja hann.

– Ég ætlaði bara að fara heim en hann réðist á mig. Það þarf að kenna honum mannasiði.

Súsanna gekk hægum skrefum í átt að drengnum og negldi hann fastan við jörðina með augnaráðinu einu saman.

– Af hverju þarft þú að kenna Karabíu mannasiði? Hún er fugl. Er ekki nóg að hún kunni fuglasiði?

– Af því ..., stamaði Ópus en komst ekki lengra því gráturinn lamaði tunguna og stíflaði hálsinn. Tárin streymdu niður kinnarnar meðan hann reyndi að þylja upp útskýringar og biðjast afsökunar.

– Ég var bara að elta fuglinn til að koma fiðrildinu til skila, sagði hann.

Þá fyrst reiddist Súsanna fyrir alvöru. Björtu augun hennar skutu gneistum og Ópus hélt að hann myndi kafna af skelfingu.

– Ert þú svo búinn að stela fallegasta fiðrildinu mínu í þokkabót, ófėtið þitt? æpti hún og hrifsaði nestisboxið af stráknum.

– Nei! Ópus saup hveljur. Það fauk bara inn um gluggann minn. Ég sver það! Plís, ekki meiða mig.

Um leið og drengurinn sagði þetta gjörbreyttist viðmót gömlu konunnar. Hún horfði stórum, björtum augum á Ópus og undrunin skein úr andlitinu.

18.

– Fauk það? spurði hún lágt eins og hún tryði því varla. Ópus kinkaði kolli. Hann botnaði hvorki upp né niður í Súsönnu. Var hún hætt að vera reið?

– Þetta er táknið, sagði hún stundarhátt og gæðist ofan í nestisboxið þar sem fiðrildið kúrði og minnti á stríðsmálað skrímslaandlit.

– Hvaða tákni? spurði Ópus.

Súsanna horfði þegjandi á hann og Ópusi leið eins og ævaforð viska byggi í þessu augliti.

– Ég skal segja þér allt um það. En þú verður þá að vera svo vænn að koma inn með mér í dálitla stund, svaraði hún eftir stundarþögn. Við þurfum að spjalla.

Það hefur ábyggilega komið skelfingarsvipur á drenginn. Þetta var langhættulegasta og skrítnasta konan í allri borginni. Ópus hafði aldrei fyrr vogað sér nálægt húsinu hennar – og nú var hann boðinn í heimsókn!

Einmitt þá hóf kólibrífuglinn sig á loft og sveif af öxl Súsönnu og til Ópusar. Drengurinn vildi ekki styggja fuglinn aftur svo að hann stóð grafkyrr meðan Karabía settist á öxlina á honum og nartaði ástúðlega í eyrna-snepilinn. Það dugði samt ekki til að slá á óttann í brjósti Ópusar.

– Ég þarf að drífa mig heim, stundi hann lágt.

– Gerðu það, sagði gamla konan bænarrómi. Það er engin tilviljun að vindurinn færði þér þetta fiðrildi. Ég held að vindurinn þurfi að segja þér eitthvað. Eitthvað mikilvægt.

Önnur umferð: Ljóð eftir Jón Jónsson úr Vör

Inngangur kynnis

Jón Jónsson úr Vör fæddist árið 1917 á Vatneyri við Patreksfjörð og ólst þar upp. Foreldrar hans eignuðust 14 börn svo Jón var sendur í fóstur þar sem hann naut góðs atlætis í hópi fimm systkina. Eftir nám heima á Patreksfirði og í Héraðsskólanum á Núpi hélt hann til útlanda og stundaði nám við alþýðuháskóla í Svíþjóð og Sviss. Eftir heimkomuna fékkst hann við ýmis störf tengd bókaútgáfu og síðustu árin var hann bókavörður í Kópavogi. Hann var einn af stofnendum Rithöfundasambandsins og síðar heiðursfélagi. Hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1986.

Eftir Jón liggja 13 ljóðabækur, þekktust er *Þorpið* sem kom út árið 1946. Þar lýsir hann af einstakri nærfærni fjölbreyttu mannlífi í þorpinu þar sem hann ólst upp. *Þorpið* er fyrsta íslenska ljóðabókin þar sem hvergi er stuðst við hefðbundið ljóðform, rím og stuðla. Um árabíl hafa verið veitt verðlaun í árlegri ljóðasamkeppni undir nafninu *Ljóðstafur Jóns úr Vör*.

Nemendur geta nú valið á milli tíu ljóða Jóns úr Vör:

Kata gamla í kofanum	Hríslurnar
Vor	Um sjó
Minning	Draumur í himnaríki
Faðir minn	Konur
Ég er svona stór	Spakmælið

Sum ljóðin eru í föstu formi en önnur ekki, svo þau reyna mjög misjafnlega á flytjendur. Óhjákvæmilegt er að nokkrir lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Kata gamla í kofanum

Í kofa við sjóinn bjó Kata,
kerling gömul og forn.
Sögð var hún nokkuð sérlynd,
af sumum kölluð norn.

Ævi' hennar þekkti enginn,
ætt hennar vissi ei neinn.
Svipur hennar var harður,
sem hrufóttur, kaldur steinn.

Hún leitaði ei liðs hjá neinum,
og lánað hjá engum fékk,
en hirti þara og þöngla
og þungstíg um fjörur gekk.

Vann þegar hún fékk vinnu,
vaskaði og breiddi í þurrk.
Um gigtina gat hún aldrei,
en gekk þó heim við lurk.

Hún þvoði þvotta í húsum,
þegar hún beðin var,
— en frúrnar fóru til hinna,
þeim fannst hún orðin skar.

Það heimsóttu hana fáir,
— en harla kynlegt var það,
að hundar, kindur og kettir
komu þar oft í hlað.

Svo var það núna í vetur,
það viðraði heldur stirt
og háлка í kring um kotið,
— um kerlingu ekkert hirt,

að fagran frostkaldan morgun
flækingshund bar þar að,
er sáluð á svellinu lá hún.
— Já svona endaði það.

Og klerkurinn klóraði á miða
kristilegt orðaflúr.
Og þegar sú gamla var grafin
grétu þorpsins frúr.

Vor

Vorið gægist gegnum rakan svörðinn
í giljum þó að enn sé fönn og klaki.
Ég finn af mildri frjósemd angar jörðin
og fagnar hverju barns síns handartaki,
sem vinnur henni og hjálpar til að skapa.

Og starfsins löngun ólgar þeim í æðum
sem áttu langan, gleðisnauðan vetur,
og vorsins blær í sólskinsskap þá setur,
er sífellt báru kvíða í þreyttu hjarta,
hann vekur þeirra von á ný til bjarga.

Nú verða túnin græn í kringum kotin,
og kartöflurnar spíra inni í trogum,
— því áhrif vorsins ná í skúmaskotin —
þær skjóta sínum öngum móti ljósi.

Og þá er best að sá og setja niður.

Minning

Þegar þú ert orðinn níu ára
veistu hvað þú vilt,
sértu kallaður frá leik
á fund alvarlegs fólks,
— fósturforeldra, föður og móður,
og við þig sagt:

Við fóstra þín erum svo fátæk,
að við eigum ekki lengur skjól
fyrir okkar eigin börn,
en foreldrar þínir eiga hús.
Nú mátt þú velja
hælisleysið með okkur
eða hverfa í hóp systkina þinna.

... eru tárin þitt eina svar.
Þá vita allir þitt val.

Faðir minn

Faðir minn hefur setið í fimmtíu ár
við skóaraborðið sitt og sólað fyrir þorpið,

frá þeirri tíð er bæði hann og hans börn og annarra gengu á
roðskóm, sem brunnu í sundur í sjávarseltunni,
og fram á þennan dag.

Og hendur föður míns urðu svo svartar og harðar,
að hann varð að hafa þær í vösunum,
þegar hann fór til kirkju með konu sína og barnaskara.

Hann þekkir alla skó þorpsins
og veit hvernig það treður.

Ég er svona stór

Enginn slítur þau bönd,
sem hann er bundinn heimahögum sínum. Móðir þín
fylgir þér á götu, er þú leggur af stað út í heiminn,
en þorpið fer með þér alla leið.

Frá þeirri stundu,
er þú stóðst við móðurkné og sagðir:
Ég er svona stór,
ert þú samningi bundinn.

Þú stendur alla ævi síðan fyrir augliti heimsins.
Lítill kútur, sem teygir hönd yfir höfuð sér og heyrir
blíðmæli brosandis móður:
Ertu svona stór?

Þú færð aldrei sigrað þinn fæðingarhrepp,
stjúpmóðurauga hans vakir yfir þér alla stund.
Með meinfýsnum skilningi tekur hann ósigrum
þínum, afrekum þínum með sjálfsögðu stolti.
Hann ann þér á sinn hátt, en ok hans hvílir á herðum þér.

Og loks, er þú hefur unnið allan heiminn, vaknar þú einn
morgun í ókunnri borg, þar sem áður var þorpið, gamal-
menni við gröf móður þinnar. Og þú segir:
Ég er svona stór.

En það svarar þér enginn.

Hríslurnar

Hnípnar og þöglar á hausti
standa hríslurnar tvær
á leiði afa og ömmu,
lágvaxnar og þreklegar.

Himinninn sendir þeim
mjúkar snjóflygsur,
sem skreyta greinar þeirra
andartak,
og minna á laufin,
sem eru fokin burt.

En brátt rétta hríslurnar
sig úr höminni,
og hrista af sér
þetta falska punt,
bíða langan og harðan vetur
uns vorið kemur.

Um sjó

Vinátta mín og hafsins
slitnar ekki.

Mikið yndi þykir mér alltaf
að sjá
spegilsléttan sjó.

Og tilkomumikið
er það og gleður augu mín
að horfa á
öldur hafsins
í æstum ham —
og sjá þær brotna.

Einhvers staðar segir
í gömlu kvæði,
sem ég hef ort og týnt:

Ef ég er skáld,
þá minni ég helst
á þann fugl,
sem ekki getur flogið
nema hann sjái hafið.

Draumur í himnaríki

Hvern morgun þegar ég vakna
er ég alltaf jafn undrandi.
Er ég þá ekki dauður?

Eða er þetta kannski
hið margumtalaða
annað líf?

Skyldi þetta allt saman
vera einn endalaus
misskilningur,
að það sem við höldum,
eða héldum að væri líf,
hafi bara verið
nökkurs konar draumur
í himnaríki?

Væri þá ekki það
sem við héldum að væri líf
hinn raunverulegi draumur?

Konur

Konur, sem bera mjólkurkönnu undir svuntu sinni í hús
nágrannans, þegar börnin eru veik,

konur sem lauma í rökkrinu nýskotnum fugli eða fisk-
spyrðu inn um eldhúsgætt grannkvenna sinna, ef
farið hefur verið á fjörð.

konur, sem senda börn sín til að segja: Ekki vænti ég,
að þú búir svo vel, að þú getir lánað henni mömmu
hálfan bolla af brenndu kaffi,

konur, sem rífast síðan næsta dag út af hænsnunum
eða börnum sínum og sættast á morgun,

góðar konur.

Spakmælið

Það var einn dag í sumar
í uppstyttunni
eftir Rigninguna Miklu,
að snigillinn mætti
ánamaðkinum frænda sínum,
rétt hjá öðrum snúrustaurnum
og fór þegar að messa:

Ég er Hinn Þrautseigi,
sagði hann.
Hefurðu ekki lesið um mig
í Spakmælabókunum?
Ég kemst, þótt hægt fari.

En þá kom
Litla Gula Hænan,
sem aldrei tollir í
Hænsnagirðingunni,
hlaupandi.
Ánamaðkurinn
brá sér undir torfu,
en snigillinn
sagði ekki meira.